

**Póst og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4,
108 Reykjavík**

Ísafirði 23. apríl 2014

Umsögn og athugasemdir Fjórðungssambands Vestfirðinga í tengslum við umræðuskjal um alþjónustuskýldur varðandi aðgang að almenna fjarskiptanetinu

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) vill með bréfi þessu bregðast við ósk Póst- og fjarskiptastofnunar um athugasemdir og umsagnir um hvernig standa skuli að uppbyggingu háhraðanetstenginga á landsbyggðinni og alþjónustuskýldur varðandi aðgang að fjarskiptanetinu.

Stjórn FV vill fyrst ítreka að mikil þörf er á að koma á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur um allt land hvort sem um er að ræða fyrir íbúa þéttbýlis eða dreifbýlis. Háhraðatenging er grundvöllur fyrir atvinnuþróun í nútíma samfélagi, uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu og grundvallaratriði varðandi jafnræði íbúa til aðgengis að þjónustu og afþreyingu. Í heildina litið er bættur aðgangur að góðri háhraðanettengingu mikilvægur þáttur í jöfnun búsetuskilyrða og bættum lífsgæðum íbúa á landsbyggðinni.

Tryggt aðgengi að kerfum og skilgreind lágmarkspjónusta

Krafan er að allir landsmenn sitji við sama borð varðandi aðgengi að nettengingum og íbúar í dreifbýli eigi þannig kost á ákveðinni lágmarkspjónustu sem mikilvægt er að endurskilgreina reglulega þannig að hún sé jafnan í takt við tímann. Ríkisvaldið þarf að móta þær reglur, setja framkvæmdum og umbótum tímamörk og leggja til fjármagn til framkvæmda þar sem þörf er á. Það er mat stjórnar FV að nú ætti að skilgreina lágmarkspjónustu sem bjóða eigi íbúum í dreifbýli upp á þannig að nettengingar í dreifbýli séu sambærilegar við það sem 4G kerfið býður upp á og telur að hæfileg tímamörk til að ná slíkri uppfærslu gæti verið 2-3 ár. Sem markmið til lengri framtíðar eigi viðmiðið að vera að öll heimili og fyrirtæki landsins eigi kost á ljósleiðaratengingu.

Skilgreina þarf hlut ríkisvaldsins í þessari uppbyggingu og tryggja framlög þess til uppbyggingar þar sem þörf er á. FV telur eðlilegt að uppbygging og rekstur gagnaflutningskerfa byggi að einhverju leyti á innbyggðri jöfnun í kerfinu, þar sem sértækar lausnir byggðar á framlögum ríkisvaldsins virðast ekki ná viðunandi fylgi til að árangur verði ásættanlegur. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að fara þessa leið við jöfnun á dreifikostnaði á raforku í þéttbýli og dreifbýli sem nú eru að koma til framkvæmda og byggja á innbyggðri jöfnun í innheimtukerfinu. Sama ætti að geta gilt um nauðsynlega þátttöku ríkisvaldsins við að byggja upp fjarskipta- og gagnaflutningskerfi.

FV vill einnig gera þá kröfu til ríkisvaldsins og stofnana að samhæfa framkvæmdir og hafa samráð um strenglagnir. Mikilvægt er að stofnanir í eigu ríkisins stilli saman strengi og að ljósleiðari sé lagður þar sem unnið er að öðrum lagnaframkvæmdum (og öfugt). Sem dæmi má nefna að á undanförunum árum hefur verið unnið að þrífösun rafmagns og samtengingu og eflingu raforkukerfisins með lagningu jarðstrengja á nokkrum svæðum í dreifbýli á Vestfjörðum á vegum Orkubús Vestfjarða ohf, en ljósleiðari hefur ekki verið lagður jafnhliða, nema að hluta til á stofnleiðinni milli Hólmavíkur og Ísafjarðar.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði

Það er mat stjórnar FV að forgangsverkefni í uppbyggingu gagnaflutningskerfis á landsbyggðinni eigi að vera hringtenging ljósleiðara um Vestfirði. Uppbygging gaganets á Vestfjörðum í heild hefur dregist mjög aftur úr miðað við aðra landshluta og hefur það skert samkeppnisstöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Í ályktunum Fjórðungspings Vestfirðinga og umsögnum til Alþingis hefur FV sett fram tillögur að áfangaskiptingu á þessu verkefni og forgangsroðun.

Tillaga FV er að fyrsti áfangi verði lagning ljósleiðara úr Hrútafjarðarbotni norður Strandir til Hólmavíkur og að Drangsnesi. Annar áfangi væri síðan að ljúka hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði með tengingu Hólmavíkur við Ísafjörð um Djúp. Hægt er að nýta ljósleiðara sem þegar eru til staðar á löngum köflum í Ísafjarðardjúpi og á Steingrímsfjarðarheiði, en eru enn ótengdir ljósleiðarakerfinu í báða enda, ef svo má að orði komast.

Ljósleiðaratenging þéttbýlisstaða á Vestfjörðum

Sú sérstaka staða er uppi á Vestfjörðum að ekki er búið að tengja fjóra þéttbýlisstaði við ljósleiðara, þeir eru Hólmavík, Drangsnes, Reykhólar og Súðavík. Það er margítrekuð krafa FV og íbúa þessa byggðarlaga að tenging og lagning ljósleiðara þangað sé sett í forgang. Á Hólmavík og Drangsnesi er enginn ljósleiðari tiltækur, en hann myndi liggja um Hólmavík ef hringtenging Vestfjarða um Strandir og Djúp yrði að veruleika. Í Súðavík og á Reykhólum liggur ljósleiðari í grennd, en þorpin eru ekki tengd, þannig að íbúar þar njóta ekki þess hraða, afkastagetu og þjónustuframboðs sem ljósleiðari er forsenda fyrir, s.s. að sjá fjölda sjónvarpsrása í gegnum nettengingu og nýta VOD möguleikann í sjónvarpi. Brýnt er að settur upp viðeigandi endabúnaður á ljósleiðara á Reykhólum og í Súðavík til að nýta kosti ljósleiðarans.

Það er skilningur stjórnar FV að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði og tenging þessara þéttbýlisstaða myndi einnig skapa möguleika á að bæta þjónustuna víða í dreifbýli, ýmist með beinum tengingum ljósleiðara við fyrirtæki og heimili og ekki síður með því að lagning ljósleiðara styðji við uppbyggingu ljósleiðaratengda sendistaða fyrir farþjónustu, svo sem uppbyggingu 4G kerfisins. Í beinu framhaldi af hringtengingu ljósleiðarans og tengingu þéttbýlisins og jafnvel samhliða því verkefni væri þannig hægt að ráðast í að stórbæta nettengingu dreifbýlis út frá ljósleiðaranetinu með ljósleiðara, hefðbundinni koparlínu eða með örbylgjusambandi.

Þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu gagnaflutningskerfa

FV hafnar því að gengið sé út frá því sem gefnu að eðlilegt sé að gera ráð fyrir þátttöku sveitarfélaga í uppbyggingu gagnaflutningskerfa á landsbyggðinni. Slík forsenda virðist til þess fallinn að auka á ójafnvægi í uppbyggingunni á kostnað þeirra byggða sem höllum fæti standa. Það liggur ljóst fyrir að vel stæð, fjölmenn og þéttbýl sveitarfélög standa mun betur að vígi varðandi þátttöku í verkefnum, en fámenn og dreifbýl. Forgangsroðun varðandi þátttöku ríkisvaldsins í verkefnum á ekki að ráðast af því hvar sé möguleiki á mótframlagi sveitarfélaga, heldur á skilgreindri lágmarkspjónustu sem er í takt við kröfur samtímans og ætlunin er að veita öllum íbúum og fyrirtækjum í landinu. Í byggðalögum sem átt hafa í vök að verjast síðustu árin eru minni líkur á að sveitarfélög séu þess umkomin að taka þátt í uppbyggingu gaganetsins, en þar er enn brýnari þörf á umbótum og aðgerðum, til að mögulegt sé að snúa vörn í sókn.

Upplýsingahraðbrautin um gagnaflutningskerfin er að mati FV ekki frábrugðin öðrum gunninnviðum samfélagsins, s.s. þjóðvegakerfi landsins, flugvöllum og höfnum, að því leyti að uppbygging á heima á hendi ríkisins og horfa þarf heildstætt á uppbygginguna.

Jafnræði með íbúum dreifbýlis og þéttbýlis hvað varðar tengigjöld

Stjórn FV telur að jafnræði eigi að vera með íbúum dreifbýlis og þéttbýlis, þegar kemur að tengigjöldum og jafna eigi þeim kostnaði út, á landsvísu, að því leyti sem ekki sé komið til móts við hann með beinum framlögum ríkisvaldsins á þeim svæðum þar sem skilgreindur hefur verið markaðsbrestur við uppbyggingu gagnaflutningskerfisins. Að mati FV eru álögur í formi sérstakra tengigjalda á íbúa í allra mesta dreifbýlinu ígildi sérstaks skatts á jaðarbyggðir.

Hið sama á við um þjónustuna sjálfa. Stjórn FV telur óeðlilegt að íbúar í dreifbýli eða litlum þéttbýlisstöðum sem njóta takmarkaðrar þjónustu og stendur minni gagnaflutningshraði til boða greiði sama verð eða jafnvel hærra fyrir lakari þjónustu.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri